

**LÖG**  
**um breytingu á lögum nr. 90/2003, um tekjuskatt, með síðari breytingum**  
**(skatthlutfall og fjárhæðarmörk tekjuskattsstofns).**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 66. gr. laganna, sbr. a- og b-lið 1. gr. nýsamþykktra laga um tekjuaðgerðir frumvarps til fjárlaga fyrir árið 2014:

- a. Í stað „2.760.000 kr.“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: 3.480.000 kr.
- b. Í stað „5.692.400 kr.“ og „25%“ í 2. tölul. 1. mgr. kemur: 5.935.428 kr.; og: 25,3%.
- c. Í stað „25%“ tvívegis í 4. tölul. 1. mgr. kemur: 25,3%.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir 5. tölul. 1. mgr. 66. gr. skal fjárhæð skv. 1. tölul. 1. mgr. 66. gr. vera 3.480.000 kr. og fjárhæð skv. 2. tölul. 1. mgr. 66. gr. vera 5.935.428 kr. vegna ársins 2014.

3. gr.

Ákvæði 1. gr. öðlast gildi 1. janúar 2014 og kemur til framkvæmda við staðgreiðslu opinberra gjalda 2014 og álagningu 2015.

Ákvæði 2. gr. öðlast þegar gildi.

*Gjört á Bessastöðum, 30. desember 2013.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**  
(L. S.)

---

*Bjarni Benediktsson.*